

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**882. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 5. október 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Fundinn sátu:**

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, varamaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

**Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

**Fundarritari:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

**Afgreiðslur:**

1. **Jarðasjóður.** Þorsteinn Sigurjónsson er mættur til fundar við byggðarráð. Þorsteinn kynnir Jarðasjóðinn og hugmyndir honum tengdar.
2. **1509120 Bréf frá Forsætisráðuneytinu þar sem drög að verkefnalýsingu á eigendastefnu fyrir þjóðlendur er kynnt.** Lagt fram til kynningar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 9. október nk. Byggðarráð vísar erindinu til landbúnaðarráðs. Sveitarstjóra falið að fá frest til að skila inn athugasemdum.
3. **1509119 Farskóli Nlv, vildargjöld og samningur.** Erindinu varðandi vildargjöld vísað til fjárhagsáætlunar 2016. Undirritun samnings frestað.
4. **Eldur í Húnaþingi.** Lögð fram til kynningar skýrsla gjaldkera hátíðarinnar fyrir árið 2015 og fjárhagsuppgjör 2015. Einnig lagður fram til kynningar samningur um stuðning við verkefnið til næstu 4 árin. Sveitarstjóra falið að kalla saman fund styrktaraðila til að ræða framkvæmd samningsins.
5. **1510006 Heimili og skóli.** Lagt fram til kynningar erindi frá Heimili og skóla um endurnýjun gervigrasvalla vegna eiturefna í dekkjakurli þar sem farið er fram á það við stjórnendur sveitarfélaga landsins að unnið verði að því án tafar að endurnýja þá velli sem þaktir eru heilsuspillandi dekkjakurli. Samkvæmt upplýsingum frá söluaðila í Bretlandi, varðandi sparkvelli á Hvammstanga og á Borðeyri, er um að ræða svart gúmmí, vottað af framleiðanda fyrir leiksvæði barna. Það er slitsterkt og brotnar því lítið niður og gefur þ.a.l. ekki frá sér jafn mikið eiturefni og annað gúmmí. Þá kom fyrirtækið Sport-tækni í sumar, hreinsaði vellina, allt ryk, gróður og óhreinindi, þvoði kurlið og setti það aftur ofaní ásamt viðbót. Byggðarráð felur rekstrarstjóra að kanna hvort dekkjakurl á sparkvöllum í

sveitarfélaginu sé heilsuspillandi.

6. **1510005 Bréf Sýslumannsins á Nlv** þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 svo og reglugerðar nr. 585/2007. Kristbjörg S. Birgisdóttir sækir um leyfi f.h. Víga-Barða til að reka gististað í flokki V að Þorfinnsstöðum í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.
7. **1506001 Úrskurður kærunefndar útboðsmála vegna skólaaksturs, leið 7.** Lagt fram til kynningar úrskurður kærunefndar þar sem fram kemur að öllum kröfum kæranda, Húnavirkis ehf. vegna útboðs varnaraðila Húnaþings vestra á skólaakstri fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra skólaárin 2015 – 2016 til og með 2018 – 2019 er hafnað.
8. **Fundargerð stjórnar Róta bs. frá 17. og 23. september sl.** Lagt fram til kynningar. Fram kom í fundargerðinni að Velferðarráðuneytið hefur veitt Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð undanþágu frá íbúafjölda þjónustusvæða í málaflokki fatlaðs fólks, til eins árs.
9. **Fundargerð stjórnar Hafnarsambandsins frá 21. september sl.** Lagt fram til kynningar.
10. **Fundargerð fulltrúaráðs EBÍ frá 23. september sl.** Lagt fram til kynningar

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.15:30

---

Elín Jóna Rósinberg

---

Elín R. Líndal

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Guðný Hrund Karlsdóttir